



DOCTOR OECONOMIAE HONORIS CAUSA í viðskipta- og hagfræðideild

H. Winding Pedersen fæddist í Rovshøje við Varde í Danmörku 1907. Hann lauk stúdentsprófi 1926 og kandidateitprófi í hagfræði frá Hafnarháskóla 1932. Hann starfaði sem hagfræðingur við ýmsar opinberar stofnanir að námi loknu en varð lektor í þjóðhagfræði við Hafnarháskóla 1937. Hann varð einnig lektor við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn 1940. Árið 1943 varð H. Winding Petersen prófessor í þjóðhagfræði við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, þar sem hann starfaði til 1948, en þá fluttist hann aftur um set til Hafnarháskóla þar sem hann var prófessor í þjóðhagfræði til ársins 1977. Hafnarháskóli sæmdi hann heiðursdoktorsnafnbót í hagfræði árið 1987.

Auk starfa sinna við áður nefnda skóla hefur H. Winding Pedersen setið í fjölda nefnda og ráða. Meðal annars sat hann í nefnd á vegum danska fjármálaráðuneytisins sem hóf störf í janúrar 1943. Hún gekk undir nafninu prófessoranefndin, en hlutverk hennar var að móta stefnu í efnahagsmálum Dana í lok síðari heimstyrjaldarinnar. Þá átti hann sæti í Verðlagsstofnun Danmerkur (monopolráðet) í aldarfjórðung.

H. Winding Pedersen er einn virtasti hagfræðingur Dana. Sérsvið hans er verðmyndunarfræði, en hún krefst þekkingar bæði í þjóðhagfræði og í rekstrarhagfræði. Hann hefur skrifað fjölda bóka, sem sumar hverjar eru einstakar í sinni röð. Ein þeirra, Omkostninger og prispólitik kom fyrst út 1940. hún var notuð til kennslu um árábil við Viðskiptadeilda Háskóla Íslands. Bókin hefur haft áhrif á íslenska viðskipta- og hagfræðinema, um langa tíma. Sumt af efni bókarinnar er svo einstakt að því hefur verið komið á framfæri við nemendur í fyrirlestrum fram á þennan dag. Það er því óhætt að fullyrða að nær allir viðskipta- og hagfræðingar, sem brautskráðir eru frá Háskóla Íslands hafi komist í kynni við frábæra framsetningu H. Winding Pedersens á vissum þáttum rekstrarhagfræðinnar. Þá má geta þess að H. Winding Pedersen átti þátt í að skipuleggja nám í viðskiptafræðum við Háskóla Íslands eins og þegar hefur komið fram.

Af þessum sökum telur Háskóli Íslands sér það sæmdarauka að heiðra H. Winding Pedersen með titlinum doctor oeconomiae honoris causa, sé það góðu heilli gjört og vitað.